

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1992

8. júlí 1992

205

Nr. 70

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 8. júlí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

11. júlí 1992

Nr. 71

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 11. júlí 1992.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

16. júlí 1992

Nr. 72

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 26. júní 1992 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

82. grein hljóði svo:

Hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám er lýkur með B.S. prófi. Hámarksnámstími er 6 ár. Til þess að flytjast milli námsára má stúdent eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Námsbrautarstjórn getur veitt undanþágu frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.